

niðurstöður úr og flokkar og metur (sbr. lið 1.7.). Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka samkvæmt gjaldskránni. Tungufell, Árnæssýslu flokkast í 4. flokk.

Eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins verður samkvæmt 3. gr. gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 596/1987, um uppgjör á innheimtu staðgreiðslufé.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bráðabirgðaskil til hvers sveitarfélags skulu ákveðin með eftirfarandi hætti: Útvarsstofn hvers sveitarfélags við álagningu 1987 (tekjuár 1986) skal framreiknaður með stuðlinum 1,74.

Hinn framreiknaði stofn skal síðan margfaldaður með útvarsprósentu í staðgreiðslu fyrir 1988, 6,7%, og þannig fundið til viðmiðunar áætlað útsvar hvers sveitarfélags sem koma ætti til innheimtu í staðgreiðslu vegna ársins 1988.

Áætlun fyrir hvert sveitarfélag skal margfölduð með umsömdu hlutfalli og fundin bráðabirgðainnborgun ríkissjóðs fyrir hvern mánuð. Hlutföll þessi ákveðast sem hér segir: Í apríl 1988 sem samsvarar 8,25% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í maí 1988 sem samsvarar 7,81% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í júní 1988 sem samsvarar 7,81 % af áætlun samkvæmt þessari grein. Hlutfall hvers mánaðar er hið sama fyrir öll sveitarfélög.

2. gr.

2. og 3. másl. 3. gr. orðist svo:

Hver mánaðarinnborgun skal innt af hendi í fjórum hlutum, nema í apríl, þá eru skiladagar tveir. Skiladagar verði í apríl hinn 15. og 25., en í maí og júní hinn 4., 11., 18. og 25. eða næsta virkan dag á eftir.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast gildi 15. apríl 1988 og gildir til 30. júní 1988.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.